

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi, Suðureyri – deiliskipulag neðan Aðalgötu, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. maí 2014 var samþykkt óveruleg breyting á deiliskipulagi, Suðureyri – deiliskipulag neðan Aðalgötu, Ísafjarðarbæ.

Deiliskipulagsbreytingin tekur til nyrsta hluta hafnarsvæðisins og er án skilgreindra lóða. Breytingin felst í því að skilgreindur er byggingarreitur fyrir allt að tveggja hæða vogarhús fyrir Suðureyrarhöfn. Jafnframt er gert ráð fyrir að núverandi ljósamasturshús á lóðarmörkum aðliggjandi lóðar verði fjarlægt og búnaður fluttur í nýja vogarhúsið.

Lágmarksfjarlægð byggingar frá aðliggjandi lóðarmörkum er 4 m. Hámarkshæð byggingar er 6 m frá gólfkóta jarðhæðar og hámarksgrunnflötur er 45 m².

Deiliskipulagið hefur verið grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 27. maí 2014.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

B-deild – Útgáfud.: 28. maí 2014